

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2000

frá 4. febrúar 2000

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 81/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– 399 R 0307: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 (Stjtið. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liður bætist við í aðlögunarlið t), yfirskrift „P. ÍSLAND“:

„3. Einstaklingar, sem eru tryggðir á Íslandi og eru í þjóðskrá, hafa þar fasta búsetu og hefja nám í öðru ríki, sem reglugerð þessi gildir um, eru tryggðir samkvæmt íslenska almannatryggingakerfinu. Trygging námsmanns er óháð námstíma. Flytji námsmaður fast aðsetur sitt frá Íslandi til annars ríkis, sem reglugerð þessi gildir um, eða stundi þar starf með virkum hætti, er trygging hans afturkölluð.“

3. Eftirfarandi liður bætist við í aðlögunarlið t), yfirskrift „R. NOREGUR“:

„4. Einstaklingar, sem eru tryggðir í Noregi og reglugerð þessi gildir um, þiggja lán eða námsstyrk úr Menntunarlánasjóði ríkisins (Statens lånekasse for utdanning) og hefja nám í öðru ríki, sem reglugerð þessi gildir um, eru tryggðir samkvæmt norska almannatryggingakerfinu. Að því er varðar nám í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð skal hlutaðeigandi námsmaður einnig vera skráður í norsku þjóðskrána. Trygging námsmanns er óháð námstíma. Stundi námsmaður starf með virkum hætti í öðru ríki, sem reglugerð þessi gildir um, er trygging hans afturkölluð.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 62.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) VI. viðauka við samninginn:

„- **399 R 0307**: reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 (Stjtið. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1).“

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 307/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

(*) Engin stjómkipuleg skilyrði gefin til kynna.